

Miðvikudaginn 22. nóvember 1978.

Nr. 65/1975. **Sigurður Guðmundsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Opinberir starfsmenn. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1975. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér 36.538 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1972 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. apríl 1973.

Stefnandi málsins er Sigurður Guðmundsson, stöðvarstjóri Pósts og síma á Bíldudal, og gerir hann þær dómkröfur í málinu, að

stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 36.536 með 7% árs-
vöxtum frá 1. september 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar
að skaðlausu.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem gerir nú þær
dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda
og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að
mati dómarans.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var settur kennari við barna-
og unglingaskólann á Bíldudal frá 1. september 1966 til eins
árs. Síðan var hann settur til þessa sama starfs til eins árs í
senn frá 1. september ár hvert og síðast frá 1. september 1971.
Stefnandi kveður starfstíma skólans framan af hafa verið 7 mánu-
ði, en á skólaárinu 1971—1972 hafi sú breyting verið gerð á
kennslutilhögun, að starfstími skólans var lengdur úr 7 mánuðum
í 8 mánuði. Hann segir, að á meðan starfstíminn var 7 mánuðir,
hafi kennaralaunin verið skert, en eftir breytinguna frá 1. septem-
ber 1971, þegar skólaárið var lengt í 8 mánuði, hafi kennarar átt
að fá óskert kennaralaun.

Stefnandi var skipaður stöðvarstjóri Pósts og síma á Bíldudal
frá 1. febrúar 1972, en hann stundaði jafnframt kennslustörf sín
við barna- og unglingaskólann allan veturinn 1971—1972, það er
til loka maímánaðar 1972.

Stefnandi fékk full laun greidd sem stöðvarstjóri Pósts og síma
frá 1. febrúar 1972. Hann fékk einnig greidd full laun samkvæmt
18. launaflokki starfsmanna ríkisins fyrir kennslustarfið til loka
júlímánaðar 1972, en þá stöðvaði launadeild fjármálaráðuneytis-
ins greiðslur til stefnanda, þar sem þar var litið svo á, að stefn-
andi hefði ekki átt að fá full laun kennara, eftir að hann tók við
starfi stöðvarstjóra Pósts og síma hinn 1. febrúar 1972.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til greiðslu á kennaralaunum
fyrir ágústmánuð 1972, en þau námu kr. 36.538.

III.

Stefnandi hefur í bréfi, dagsettu 29. nóvember 1972, m. a. skýrt
svo frá: „Ég sótti um starf stöðvarstjóra pósts og síma á Bíldudal
10. janúar 1972 og var skipaður í starfið frá 1. febrúar 1972. Um
leið og ég sótti um starfið, skýrði ég skólustjóra svo og formanni

skólanefndar frá því og tjáði þeim jafnframt, að ég mundi halda áfram kennslu til loka skólaársins, ef þeir óskuðu þess, þótt ég hlyti starfið. Hins vegar væri ég reiðubúinn að hætta kennslu, ef þess væri óskað, hlyti ég hið nýja starf. Engar óskir komu fram um það, að ég hætti kennslu, enda vissu þeir báðir skólastjórinn og formaður skólanefndar, að ég gat um takmarkaðan tíma annað báðum störfunum með því að kaupa mér aðstoð í hinu nýja starfi að svo miklu leyti sem það kom í bága við kennsluna, en leggja harðara að mér að öðru leyti. Þá er þess að geta, að yfirboðurum mínum innan þeirrar stofnunar, sem ég nú vinn hjá — pósti og síma — var kunnugt um það, að ég var í starfi sem kennari, þá er ég sótti um stöðu stöðvarstjóra, og þeim var sömuleiðis kunnugt um það, að ég myndi verða í því starfi til þess er skóla lyki, en engin aðfinnsla né athugasemd varðandi það kom frá þeirra hendi.“

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 21. október 1974. Var þá m. a. fært til bókar: „Stefnandi segir, að unglingskólanum á Bíldudal hafi lokið í maílok 1972, og var kennsluárinu, sem byrjaði í október 1971, þar með lokið. Hann kveðst hafa tekið laun fyrir kennlustörfin í júní og júlí 1972 og taldi sig eiga rétt á launum fyrir ágústmánuð, eins og um er kafið í málinu, en laun fyrir þann mánuð hefur hann ekki fengið. Hann segir, að kennslutilhögun hafi verið með þeim hætti, að hann kenndi frá kl. 8.00 til 12.00 eða þar um bil. Síðan hóf hann ekki kennslu aftur fyrr en eftir kl. 4.00 á daginn. Afgreiðsla pósthússins var opin frá kl. 10.00 til 12.00 f. h. og frá 1.00 til 4.00 e. h. Hann kveðst þannig hafa þurft að greiða úr eigin vasa eiginkonu sinni Ingrid fyrir að vera í pósthúsinu milli kl. 10.00 og 12.00 f. h., þegar hann var að kenna. Frekar aðspurður um þetta, segir stefnandi, að hann hafi ekki greitt konunni beinlínis í peningum, en „þessi vinna er innt af hendi á mína ábyrgð og án nokkurs aukins kostnaðar fyrir stofnunina. Kona mín gat ekki sinnt störfum á heimilinu eða annars staðar á meðan hún vann á pósthúsinu. Ég varð auk þess að vinna meira til þess að geta sinnt báðum störfunum, en ég sendi enga yfirvinnureikninga til þessara tveggja vinnuveitenda minna. Ég skýrði umdæmisstjóra, Hirti Jónssyni, á Ísafirði, frá því, strax þegar búið var að skipa mig í starfið, að ég væri í starfi sem kennari og hygðist leysa þann vanda, sem skapaðist við póstaafgreiðsluna á tímabilinu milli kl. 10.00 og 12.00 f. h. á afgreiðslu-
cögum, á þann hátt, að eiginkona mín afgreiddi fyrir mig og að

öðru leyti yrði ég svo að leggja harðara að mér og vinna meira á degi hverjum til þess að anna daglegum uppgjörum og annarri vinnu, sem fylgir með þessu starfi. Féllst hann á það athugasemda-laust. Mér þykir líklegt, að samtal þetta, sem fór fram í síma, hafi átt sér stað einhverja fyrstu dagana í febrúar 1972. Það kom annars fram í umsókn minni um starfið, að ég var í öðru starfi. Ég á ekki afrit af umsókninni, en hún hlýtur að liggja fyrir hjá Pósti og síma. Ég var í landssambandi framhaldsskólakennara og greiddi félagsgjöld til þess félags, eftir að ég varð kennari í unglingskólanum. Eftir að ég var skipaður í stöðu stöðvarstjóra, þá varð ég félagsmaður í Félagi íslenskra símamanna, en bæði þessi félög eru aðilar að B.S.R.B.“ Frekar aðspurður kveðst mætti nú hafa unnið aukavinnu sem kennari við unglingskólann eftir 1. febrúar 1972. Hann segir, að skólastjórinn hafi mánaðarlega tekið saman yfirvinnu kennaranna fyrir unninn mánuð, og þar var þá innifalin aukagreiðsla fyrir leiðréttingar á heimaverkefnum. Stefndandi kveðst ekki hafa tilkynnt launadeild fjármálaráðuneytisins þá breytingu, sem varð á högum hans 1. febrúar 1972 þá þegar. Hann kveðst aldrei hafa tilkynnt launadeildinni skriflega um þessa breytingu á högum sínum. Mætti var spurður að því, hvort hann hefði yfirleitt nokkurn tíma, á meðan hann var í kennslunni frá 1. febrúar 1972 til loka maímánaðar, tilkynnt launadeild fjármálaráðuneytisins um þá breytingu, sem varð á högum hans 1. febrúar 1972. „Ég tilkynnti launadeild fjármálaráðuneytisins aldrei skriflega um það, að ég hefði tekið við nýju starfi 1. febrúar 1972, en hins vegar var þetta margítrekað í samtölum, bæði sem ég átti sjálfur við starfsfólk launadeildar og sömuleiðis skólastjórinn Pétur Bjarnason. Þannig gat ekki farið neitt á milli mála um það, að launadeild hlaut að vita löngu fyrir þann tíma um þessa tilhögun. Mér þykir líklegt, að launadeild fjármálaráðuneytisins hafi fengið vitneskju um það um mánaðamótin febrúar/mars 1972, að ég hafði tekið við hinu nýja starfi. Þegar ég fór að reikna út laun mín sem stöðvarstjóri, en ég greiddi mér þau sjálfur af peningainnistæðu stofnunarinnar á staðnum, fór ég að velta því fyrir mér, hvernig ég ætti að reikna lífeyris-sjóðsgreiðslur af stöðvarstjóraalaunum. Ég hringdi þá í Aðalheiði, sem starfar í launadeild fjármálaráðuneytisins, en mér var bent á að tala við hana um þetta. Hún sagði mér, að ég skyldi reikna lífeyrissjóðsframlag fullt af báðum launum og ég fengi það endurgreitt síðar. Þetta gerði ég, en endurgreiðslur hef ég ekki fengið.

Ég vil undirstrika, að þá þegar í þessu símtali er launadeild ljóst, að ég hafði tekið við nýju starfi, en gegndi hinu fyrra áfram. En ég tel, að símtalið hafi farið fram nokkrum dögum fyrir mánaðamót febrúar/mars 1972. Ég tel mig þó geta fullyrt, að símtalið hafi farið fram fyrir 1. mars 1972.““

IV.

Af hálfu launadeildar fjármálaráðuneytisins hefur verið lögð fram sérstök skýrsla um málið. Þar segir m. a. svo: „Eðlilegast er að líta svo á, að með skipun stefnanda í starf stöðvarstjóra Pósts og síma hafi jafnframt fallið niður setning hans í kennarastöðu þá, sem honum var veitt haustið 1971. Forsendur kjarasamninganna frá 19. des. 1970 eru þær, að starfsmaður, sem fær setningu eða skipun í starf, skili ákveðnum fjölda vinnustunda viku hverja á tilteknum tíma dagsins til uppfyllingar starfsskyldum sínum, svo greiða megi honum full laun fyrir þann starfa. Það liggur í augum uppi, að eftir skipun stefnanda í starf stöðvarstjóra Pósts og síma telst þessum grundvallarforsendum ekki lengur fullnægt, og þar með hefur stefnandi ekki getað sinnt hvorri stöðunni um sig á þann hátt, sem kjarasamningur gerir ráð fyrir. Þar með á hann heldur ekki rétt á fullum launum fyrir bæði störfin.“

Með hliðsjón af atvikum öllum er eðlilegt að líta á stöðvarstjórastarfið sem aðalstarf, en fyrir kennsluna beri að greiða stefnanda skv. stundakennslukaupi. Miðað við þennan launa- grundvöll eru einnig taldar með greiðslur fyrir umframkennslu kr. 25.117.-, sbr. fylgiskjal nr. 1, liði 3—5. Skv. því telur ráðuneytið, að Sigurði Guðmundssyni hafi borið laun úr ríkissjóði fyrir tímabilið 01.02—31.08 1972 svo sem hér greinir:

Stundakennaralaun miðuð við sama vikulega kennslu- stundafjölda og kennslu-			
Mán.	Laun skipaðs stöðvarstjóra.	skyldu kennara í föstu fullu starfi nemur.	Samtals.
02	27.331	32.520	59.851
03	27.564	32.760	60.324
04	27.564	32.760	60.324
05	27.564	32.760	60.324
06	31.249		31.249
07	31.249		31.249
08	33.051		33.051
Umframkennsla		25.117	25.117
Alls kr.:	205.572	155.917	361.489

Verði ekki fallizt á ofangreint sjónarmið, telur ráðuneytið, að um launagreiðslur til stefnanda skuli fara skv. 26. gr. 1. 38/1954, en þar eru ákvæði þess efnis, hvernig launa ber starfsmanni, er jafnhliða sínum starfa gegnir öðrum starfa í þjónustu ríkisins. Skal slíkur starfsmaður fá hálf föst byrjunarlaun og aukatekjur allar fyrir „annar starfa“. Við framkvæmd þessara ákvæða hefur fjármálaráðuneytið litið svo á, að sú staða, sem starfsmaður er *skipaður* í, væri aðalstarf, en staða, sem *sett* er í, væri „annar starfi“. Sú meginregla getur gilt, þótt svo hið aukna vinnuálag komi í einstökum tilvikum meira niður á því starfi, sem skipun nær til, enda erfitt að meta slíkt í hvert skipti. Verði á það fallizt, að 26. gr. starfsmannalaganna eigi hér við, telur ráðuneytið, að Sigurði Guðmundssyni hafi borið laun úr ríkissjóði fyrir tímabil-
ið 01.02—31.08 1972 svo sem greinir í eftirfarandi yfirliti, en miðað við þennan grundvöll eru einnig reiknaðar með greiðslur fyrir umframkennslu, kr. 32.599, sbr. fylgiskjal nr. 2 liði 3 og 5:

Mán.	Laun skipaðs stöðvarstjóra.	1/2 laun setts kennara sam- kvæmt 18. lfl.	Samtals.
02	27.331	14.509	41.840
03	27.564	14.632	42.196
04	27.564	14.632	42.196
05	27.564	14.632	42.196
06	31.249	17.480	48.729
07	31.249	17.480	48.729
08	33.051	17.480	50.531
Umfram- kennsla		32.599	32.599
Alls kr.:	205.572	143.444	349.016

Á tímabili því, er hér um ræðir, var bókhald launagreiðslna Pósts og síma eigi fært með launabókhaldi launadeildar fjármálaráðuneytisins. Hefur jafnan verið svo með allmargar ríkisstofnanir. Hins vegar er launabókhald slíkra stofnana skoðað reglulega í ríkisendurskoðuninni. Sigurður Guðmundsson tilkynnti launadeild eigi breytingu þá, er varð á högum hans 1. febrúar 1972, né heldur tilkynnti hann það aðilja þeim, er sett hafði hann í stöðu. Það var því eigi fyrr en eftir mitt ár 1972, að starfsmönnum launadeildar fjármálaráðuneytisins varð ljóst, að einn og sami starfsmaður ríkisins tók tvenn föst laun hjá ríkissjóði. Taldist ráðuneytinu svo til, að títtnefndur Sigurður Guðmundsson hefði þá þegar fengið ofgreidd laun, og voru greiðslur kennaralauna fyrir ágústmánuð 1972 því stöðvaðar. Samkvæmt launabókhaldi ríkissjóðs voru greiðslur frá launadeild fjármálaráðuneytisins og Pósti og síma fyrir tímabilið 01.02—31.08 svo sem hér segir:

Mán.	Laun skipaðs stöðvarstjóra.	Greidd laun fyrir kennslu.	Samtals.
02	27.331	37.310	64.641
03	27.564	37.628	65.192
04	27.564	37.628	65.192
05	27.564	37.628	65.192
06	31.249	34.960	66.209
07	31.249	34.960	66.209
08	33.051		33.051
Alls kr.:	205.572	220.114	425.686

Séu saman bornar þær upphæðir, er ríkissjóður greiddi Sigurði Guðmundssyni tímabilið 01.02.'72—31.08.'72, og þær, er honum bar, er ljóst, að ofgreiddar eru til hans 64.197 kr. skv. útreikningsgrundvelli nr. 1, en 76.670 kr. skv. hinum síðari útreikningsgrundvelli. Er Sigurður Guðmundsson því talinn vera í skuld við ríkissjóð, er nemur greindri upphæð.“

V.

Kristján Ásgeirsson, skólanefndarformaður á Bíldudal hefur í vottorði, dagsettu 27. október 1972, skýrt svo frá: „Það vottast hér með, að undirrituðum var kunnugt um, að Sigurður Guðmundsson, Otradal, var skipaður símstöðvarstjóri á Bíldudal síðastliðinn vetur. Þar sem hann skilaði fullri kennslu við barna- og unglingaskólann á Bíldudal, var annað mér óviðkomandi.“

Pétur Bjarnason, skólastjóri barna- og unglingaskólans á Bíldudal hefur í vottorði, dagsettu 11. október 1972, skýrt svo frá:

„Það vottast hér með, samkvæmt beiðni, að mér undirrituðum var fullkunnugt um það, er Sigurður Guðmundsson sótti um embætti stöðvarstjóra Pósts og síma á Bíldudal, sem honum var veitt um mánaðamót jan.-febr. þessa árs. Hann stundaði kennslustörf sín við barna- og unglingaskólann á Bíldudal án forfalla af þeim sökum til máiloka, en bæði barna- og unglingaskólinn störfuðu fulla 8 mánuði á síðasta vetri.“

VI.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi tekist á hendur að gegna tveimur störfum. Hann hafi með aðstoð konu

sinnar gegnt stöðvarstjórarstarfinu að fullu, og sjálfur kveðst hann hafa annast kennslustarfið, án þess að nokkrar aðfinnslur kæmu fram. Eigi hann því rétt á fullum launum fyrir bæði störfin, enda hafi stefndi greitt kennaralaun hans án nokkurs fyrirvara allt til júliloka 1972. Þá mótmælir stefnandi því, að 26. gr. laga nr. 38/1954 eigi við tilvik þetta, þar sem Póst- og símamálastofnunin sé sjálfstæður aðili innan ríkiskerfisins, og komi það meðal annars fram í því, að sú stofnun hafi sjálfstæðan fjárhag.

VII.

Af hálfu stefnda er vísað til áðurgreindrar skýrslu launadeildar fjármálaráðuneytisins. Jafnframt er rökstuðningi stefnanda mótmælt, og á það er bent, að það hafi verið með öllu fráleitt af stefnanda að halda áfram að taka full kennaralaun, án þess svo mikið sem skýr launadeild fjármálaráðuneytisins frá því, að hann hefði á sama tíma tekið skipun í annað fullt starf og tekið þar á móti fullum launum. En á þessum tíma hafi bókhald launagreiðslna Pósts og síma ekki verið fært með launabókhaldi launadeildar ráðuneytisins, enda hafi jafnan verið svo um allmargar ríkisstofnanir. Launadeild hafi því ekki fengið vitneskju um þessar tvígreiðslur til stefnanda fyrr en um eða eftir mitt ár 1972.

VIII.

Í 26. gr. laga nr. 36/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir: „Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalda jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun, er þeim starfa fylgja, og aukatekjur allar.“ Í þessari lagagrein er ráð fyrir því gert, að starfsmaður ríkisins geti gegnt tveimur störfum, og verður eigi fallist á það með stefnda, að setning stefnanda í kennarastöðuna hafi fallið niður, þegar hann var skipaður í starf stöðvarstjóra Pósts og síma. Verður að líta svo á, að stefnandi hafi gegnt báðum störfunum. Er eðlilegt að líta svo á, að sú staða, sem stefnandi var skipaður í, skuli skoðast aðalstarf, en staðan, sem hann var settur til að gegna, annar starfi, sbr. áðurgreind ákvæði 26. gr. nefndra laga, sem hér eiga við. Hins vegar verður eigi á það fallist með stefnda (sic), að Póst- og símamálastofnunin sé svo sjálfstæð í ríkiskerfinu, að það komi í veg fyrir, að ákvæði þessu verði beitt í þessu tilviki. Átti stefnandi því rétt á að fá greidd full laun sem stöðvarstjóri og auk þess hálf laun setts kennara samkvæmt 18.

launaflokki svo og laun fyrir umfrámkennslu fyrir nefnt tímabil, eða samtals kr. 349.016, eins og rakið er í aðiljaskýrslu launa- deildar fjármálaráðuneytisins, en tölulegum útreikningum í að- iljaskýrslunni hefur ekki verið mótmælt af stefnanda hálfu. Í aðiljaskýrslu stefnda er hins vegar viðurkennt, að stefnanda hafi borið í laun á margnefndu tímabili samtals kr. 361.489. Það hefur hins vegar engin áhrif á úrslit þessa máls, þar sem stefnandi fékk greiddar kr. 425.686 á tímabilinu. Ber samkvæmt þessu að taka sýknukröfu stefnda til greina, enda verður eigi á það fallist með stefnanda, eins og á stendur, að greiðsla kennaralaunanna til hans til loka júlímánaðar, sem greidd var án fyrirvara, leiði til þess, að hann geti nú sótt hina umstefndu fjárhæð úr hendi stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. nóvember 1978.

Nr. 200/1978. Sementsverksmiðja ríkisins
 gegn
 siglingamálastjóra.

Kærumál. Siglingadómur. Frávisunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármaun Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. nóvember 1978, sem barst Hæstarétti 20. s. m. Krefst hann þess, að frávisunardómur siglingadóms 26. október 1978